

## Til frambjóðenda flokka í Alþingiskosningum frá Samtökum orkusveitarfélaga

**Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni.**

### \* Ólögmaður ríkisstuðningur

Í dag eru rafveitur undanþegnar frá fasteignamati, sem leiðir til þess að stærstur hluti mannvirkja til orkuframleiðslu er undanþeginn fasteignaskatti. Eingöngu er greiddur fasteignaskattur af stöðvarhúsum í dag ekki önnur mannvirki virkjana. Fasteignaskattur er einn af þremur tekjustofnum sveitarfélaga ásamt útsvari og greiðslum úr Jöfnunarsjóði. Við þessa undanþágu verða sveitarfélög af miklum tekjum.

Samkvæmt skýrslunni Skattar á orkufyrirtæki sem unnin var af Háskólanum á Bifröst og kom út í mars 2023 greiddu orkufyrirtæki um 7,5 milljarða í fasteignaskatt og tekjuskatt að meðaltali á árunum 2018 til 2021. Af þeim tekjum fékk Ríkissjóður rétt tæp 79% og sveitarfélögin um 21%. Árið 2022 voru þessi hlutföll 13% sveitarfélög (1,83 ma. kr. í fasteignaskatt) og 87% ríkissjóður (12,2 ma. kr. í tekjuskatt). Í skýrslunni kom jafnframt fram, að ef norskum reglum yrði beitt á íslensk fyrirtæki myndi skattbyrði þeirra þrefaldast. Þar af myndi ríkissjóður fá 36% meiri skatttekjur, en sveitarfélög ríflega 800% meira, eða um 13,5 ma ISK á ári.

Fjallað hefur verið um málið í þremur starfshópum og var niðurstaða fjármálaráðuneytisins eftir vinnu þriðja starfshópsins að afnema skyldi undanþágu á fasteignamatsskyldu strax og sérstakt skattþrep lögfest vegna virkjunarmannvirkja. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga bíður enn eftir að sjá frumvarp og útfærslur um tillögur starfshópsins frá innviðaráðuneytinu og vonumst við til þess að þessi vinna verði kláruð þegar ný ríkisstjórn tekur við.

### \*Jafna raforkuverð

Í dag greiða íbúar í dreifbýli hærra gjald vegna dreifingu rafmagns heldur en t.d. íbúar í þéttbýli. Vinna verður að því að kostnaður við dreifingu rafmagns sé ekki hærrí í dreifbýli enda er óeðlilegt að nærsamfélagið greiði hærra verð fyrir dreifingu rafmagns.

Jafna þarf raforkuverð bæði hjá íbúum og fyrirtækjum óháð búsetu. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga vonast til þess að þetta mál verði skoðað þegar ný ríkisstjórn tekur við.

### \*Mótun stefnu og löggjöf um vindorku

Tillögur starfshóps um vindorku voru kynntar í desember 2023. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga fundaði með starfshópnum á meðan vinnunni stóð og kom á framfæri þeim álitamáli er tengjast uppbyggingu vindorku á Íslandi meðal annars er snúa að skipulagsvaldi sveitarfélaga, skilgreiningu nærumhverfis, álitamál er varða tekjur nærsamfélagsins af virkjanakosti af þessu tagi og mörgum fleiri álitamálum. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga hefur skilað inn umsögnum um málið á öllum stigum málsins, um vindorkuskýrsluna, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi. Hægt er að finna allar umsagnir stjórnar inn á heimasíðu samtakanna. Enn hefur hvorki frumvarpið né þingsályktunartillagan verið staðfest af Alþingi og bíður stjórn Samtaka orkusveitarfélaga því átekta hvað verður í þessu máli. Vonast er til þess að þessi vinna verði kláruð þegar ný ríkisstjórn tekur við.

*Fyrir hönd stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga,  
Ása Valdís Árnadóttir, formaður og oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps*

[www.orkusveitarfeloq.is](http://www.orkusveitarfeloq.is)

[Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga](#)